



Dagsetning: 17. mars 2017  
Viðtakandi: Velferðarnefnd Alþingis  
Málsnúmer/skjalalýkill: 1703019/0.4.1

## **Efni: Umsögn um mál nr. 3, þingsályktunartillaga um sálfræðipjónustu í framhaldsskólum**

Embætti landlæknis þakkar tækifæri til umsagnar um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Embætti landlæknis styður eindregið við tillögu til þingsályktunar um sálfræðipjónustu í framhaldsskólum sem lögð er fyrir Alþingi Íslendinga. Embættinu þykir sérstaklega mikilvægt að tryggja aðgengi að slíkri þjónustu nú þegar nemendur í framhaldsskólum verða, með styttingu náms í þrjú ár, á barnsaldri lengstan hluta námsins.

Sérfræðipjónusta, þ.m.t. sálfræðipjónusta, við leik- og grunnskóla er bundin í reglugerðir og hefur þann tilgang að sinna m.a. forvörnum og snemmtæku mati vegna sálræns vanda með áherslu á að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi í skólum án aðgreiningar. Slík þjónusta hefur ekki verið til staðar innan framhaldsskólanna að sama skapi en mikilvægt er að börnum og ungmönnum sé ekki mismunað hvað þetta varðar eftir aldri og skólastigum.

Á síðustu árum hafa verið sett á laggirnar tilraunaverkefni í nokkrum framhaldsskólum þar sem sálfræðipjónusta hefur staðið nemendum til boða og því komin nokkurra ára reynsla á slíkt fyrirkomulag. Þær heimildir sem til eru um hvernig slík þjónusta hefur reynst, bæði frá sjónarhóli nemenda, foreldra, skólastjórnenda, kennara og annars starfsfólks framhaldsskóla, eru á þann veg að sú þekking og þjónusta sem fæst með aðkomu sálfræðinga að skólastarfinu sé afar þýðingarmikil og gagnleg bæði nemendum, kennurum og annarri stuðningsþjónustu, svo sem náms- og starfsráðgjöf.

Jafnframt telur Embættið að mikilvægt sé að stefnumótun og skilgreining á viðfangsefnum sálfræðipjónustu í framhaldsskólum fari fram sameiginlega af hálfu menntamála- og velferðarráðuneytis með hliðsjón af því starfi sem fram fer á öðrum sviðum mennta-, heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Landlæknir